



**Gemeente
Amsterdam**

Bezoekadres
Amstel 1
1011 PN Amsterdam

Postbus 202
1000 AE Amsterdam
Telefoon 14 020
amsterdam.nl

Press statement

October 1, 2018

Borgir kalla eftir viðbrögðum Evrópu við ólöglegri útleigu til ferðamanna

Fulltrúar fjórtán evrópskra stórborga og svæða* funduðu í síðustu viku með fulltrúum framkvæmdastjóra ESB á sviði innri markaðar, Elzbieta Bienkowska, til að ræða neikvæð áhrif skammtímaleigu húsnæðis til ferðamanna í stórum evrópskum borgum og ákall þeirra eftir sameiginlegri túlkun á regluverki ESB um skammtímaleigu. Borgirnar hittust fyrr á þessu ári í Amsterdam og sammæltust um að kalla eftir stuðningi framkvæmdastjórnar ESB í þessu tilliti.

Borgirnar eru ekki andsnúnar skammtímaleigu húsnæðis sem slíkri, en þurfa áhrifaríkari tæki til að stemma stigu við ólöglegri og stjórnlausri útleigu til ferðamanna, þar sem þær glíma allar við alvarleg neikvæð áhrif frá hinum enn ört vaxandi ferðamannaiðnaði. Almennarýmið sem og líf íbúa hefur raskast alvarlega vegna síaukins fjölda gesta í íbúðahverfum sem veldur truflun, offjölgun og umbreytingu hverfa í ferðamannasvæði. Tilkoma húsnæðis í skammtímaleigu hefur einnig stuðlað að hækkun húsnæðisverðs og fjölgað húsnæði sem einungis er auglýst á slíkum vettvangi en ekki leigt út til íbúa. Borgirnar hafa brugðist við ógn skammtímaleigu við samfélög sín á mismunandi hátt; með nýjum reglum, ýmist á landsvísu eða staðbundið, með því að framfylgja þegar gildandi reglum, með því að sækjast eftir samstarfi við skammtímaleigumiðlanir og með því að viðka sér þekkingu og sameina krafta sína. En allar borgirnar búa við skort á samstarfsvilja af hendi þeirra vettvanga sem skipuleggja skammtímaleigu, þar sem viðkvæðið er jafnan það að evrópskt regluverk standi í vegi fyrir staðbundnum aðgerðum.

Helsta vandamálið er að skipuleggjendur skammtímaleigu til ferðamanna halda því fram að reglur ESB hindri þá í að deila gögnum með yfirvöldum. Þessi gögn, nánar tiltekið hvaða húsnæði er í skammtímaleigu og hversu lengi, eru lykillinn að því að sveitarstjórnir geti framfylgt reglum sínum og sinna ríkja um leigu til ferðamanna. Borgirnar fara fram á að skráningarnúmer þeirra séu sýnileg þar sem húsnæði er auglýst svo auðvelt sé að sjá hvaða húsnæði er í skammtímaleigu og þær geti betur fylgst með þróun útleigu sem og framfylgt lögum og reglum.

Borgirnar nýttu fund með fulltrúum ESB til að útskýra þau vandamál sem þær standa frammi fyrir og þær hindranir sem þær hafa mætt. Þær hafa farið fram á að framkvæmdastjórn ESB lýsi því skýrt yfir að evrópskt regluverk standi ekki í vegi fyrir því að borgir takist á við stjórnlausan vöxt skammtímaleigu til ferðamanna sem ógnar lífvænleika og öryggi evrópskra borga, sem og réttindum og velferð íbúa þeirra. Borgirnar hafa farið fram á framhaldsfund með framkvæmdastjóra ESB, Bienkowska, síðar á þessu ári. Evrópskar borgir eru sannfærðar um að ESB taki áhyggjur þeirra alvarlega. Borgirnar og svæðin eru staðföst í því að halda áfram samstarfi sínu á þessu sviði.

* Borgirnar fjórtán og svæðin eru: Amsterdam, Barselóna, Berlín, Bordeaux, Brussel, Kraká, Lissabon, Madrid, París, Reykjavík, Valencia, Vín, Brussel-svæðið og Samband þýskra borga.